

Minnisblað

Viðtakandi: Bæjarráð Vestmannaeyja

Sendandi: Framkvæmdastjóri stjórnslu- og fjármálasviðs

Dags.: 14. janúar 2025

Efni: Útfærsla á tillögum starfshóps sem vann að endurskoðun á skipulagi nefnda og ráða.

Eftirtaldar breytingar eru lagðar til varðandi greiðslur fyrir fundi:

- Þóknun fyrir setu í bæjarráði verði óbreytt en eftirtaldar breytingar gerðar:
 - Varaformaður fái álag fyrir að undirbúa og stýra fundi sem nemur 20% af þóknun formanns. Upphæðin dregst frá þóknun formanns.
 - Aðalmaður fái greitt fyrir fund sitji hann fund ráðsins með óformlegum hætti.
- Önnur ráð:
 - Greidd verði grunnþóknun sem nemur 50% af mánaðargreiðslum eins og þær eru í dag og síðan kr. 25% af mánaðargreiðslum fyrir hvern setinn fund (óformleg seta telst hér með). Á þetta við formenn og aðalmenn.
 - Nefndarþóknun varamanna fyrir fund verði kr. 25% af núverandi mánaðargreiðslum.
 - Varaformenn fái álag fyrir að undirbúa og stýra fundi sem nemur 20% af núverandi mánaðargreiðslum. Upphæðin dregst frá þóknun formanns.
- Greiðslur fyrir setu í bæjarstjórn verði óbreyttar en eftirtaldar breytingar gerðar:
 - Varaforseti bæjarstjórnar fái 20% álag fyrir að undirbúa og stýra fundi. Upphæðin dregst frá þóknun forseta.

Nefndarþóknun verði áfram bundin launavísitölu og uppreiknuð tvisvar á ári, í júní og desember, sbr. ákvörðun bæjarstjórnar.

Aðrar tillögur sem fram koma í skýrslunni er varða:

- Jöfnun álags milli ráða, fjölbreyttari dagskrárliði og skyldubundna dagskrárliði.
- Upplýsingaflæði og kynningar á afgreiðslum.
- Verkaskiptingu og undirbúning nefndarfunda.
- Virkjun stuðningshópa og notendaráðs.

Lagt er til að tillögurnar sem fram koma undir ofangreindum liðum verði samþykktar og að, eins og fram kemur í skýrslunni, sett verði fram tímasett framkvæmdaáætlun til að fylgja þeim eftir. Einnig að árangur af breytingum á greiðslufyrirkomulagi fyrir fundi og öðrum breytingum verði metinn eftir eitt ár.

Virðingarfyllt,

Drífa Gunnarsdóttir,

framkvæmdastjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs